

Eyjafjarðarsveit
Ása Dóra Finnbogadóttir
Skólatröð 9
605 Akureyri

Garðabær, 18. nóvember 2025
202510-0063/Á.G.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga - Breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 - Bakkaflöt athafnasvæði - 0949/2023 Eyjafjarðarsveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveit er barst 14. október þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Bakkaflöt 0949/2023. Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina 8,4 ha athafnasvæði fyrir sorpflokkunar-, geymslu- og athafnasvæði og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan athafnasvæðisins er vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Þær vistgerðir sem bent er sérstaklega á eru Tjarnastaraflóavist L8.13¹, Lyngmóavist L10.7², Gulstaraflóavist³ 8.14 og Finnungsvist L9.2⁴. Fyrstu þrjár eru gras, mó og flæðilönd sem eru gróskumikil og liggja oft meðfram ám og vötnum. Fuglalíf er þar ríkulegt af mó- and- og vaðfuglum en eftirfarandi tegundir verpa í vistgerðunum; heiðlóa og þúfutittlingur, jaðrakan (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*), lóupræll (*Calidris alpina*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), stökkönd (*Anas platyrhynchos*), urtönd (*Anas crecca*), grafönd (*Anas acuta*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*), álft (*Cygnus cygnus*), stelkur (*Tringa totanus*) og spói (*Numenius phaeopus*). Víðikjarravist L10.10 finnst líka innan svæðisins en það er gróskumikið kjarrlendi á láglendi með svipað ríku fuglalífi og þær taldar upp á undan. Allar fjórar vistgerðirnar hafa mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar að auki eru Gulstaraflóavist, Tjarnastaraflóavist, Finnungsvist og Víðikjarravist á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem njóta sérstakrar verndunnar.

Varðandi vistgerðarkort er mikilvægt að hafa í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistir finnist innan marka skipulagssvæðisins. Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins bendir Náttúruverndarstofnun á þann möguleika að svæðið verði kortlagt og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða. Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir

¹ https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf bls 108

² <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/landvistgerdir/lyngmoavist>

³ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/gulstaraflavist>

⁴ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/finnungsvist>

að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mófuglar eigi undir högg að sækja á landsvísu og telja Vísindamenn að búsvæðaeýðing hafi þar mikið að segja. Mófuglategundirnar heiðlóa, lóuþræll, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands⁵ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofni þeirra verpir hér á landi. Heiðlóa og lóuþræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar og eru á valista náttúrufræðistofnunar sem tegundir í nokkuri hættu þar sem framkvæmdasvæðið inniheldur vistgerðir sem eru oft búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.⁶ Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og sömuleiðis hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Eyjafjarðará og Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á vegna nálægðar við Eyjafjarðará er mikilvægt að settir séu skýrir skilmálar til verndar hennar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllt,

⁵ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁶ Tómas Grétar Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, þoka. Sótt 28. ágúst

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur